



Skólaráðsfundur 16. febrúar 2022

Mættir: Elín (skólastjóri), Erla Brá og Sif (fulltrúar kennara), Stefán (fulltrúi starfsmanna), Bergný (fulltrúi foreldra), Sandra Brá (fulltrúi foreldra í gegnum fjarfund), Björn Vignir og Arnfríður Mára (fulltrúar nemenda).

Að auki samkvæmt starfsáætlun þá var stjórn Foreldrafélags Víkurskóla boðinn á fundinn. Mættar fyrir stjórn voru: Hjördís Rut, Solveig Sigríður og Ingibjörg.

Fundur settur 16:20

1. Elín býður alla velkomna og setur fundinn. Erla Brá ritar fundargerð. Elín býður sérstaklega velkomin fulltrúa foreldrafélagsins. Fyrst segir hún frá því að fulltrúar nemenda ætla kynna niðurstöður skólaþings 5. – 10. bekkjar.
2. Niðurstöður skólaþings 5. – 10. bekkjar Víkurskóla kynntar; Arnfríður Mára og Björn Vignir segja frá.
 - a. Nemendum skipt niður í hópa, 7 – 10 mínútur á hverri stöð. Stöðvarnar voru; samskipti, námið, skólaumhverfið, matur og morgunhressing, samfélagið okkar.
 - b. Rauðlitaðar niðurstöður voru niðurstöður sem komu frá fleirum en einum hóp.
 - c. Ein niðurstaðan var val um heimavinnutíma – skapaðist umræða m.a. hvort væri sniðugt að hafa valtíma.
 - d. Sköpuðust einnig umræður um valgreinar. Hugmyndir nemenda mjög flottar og frambærilegar.
 - e. Búið að bregðast við einum punkti sem kom fram um að vera meira val hvort nemendur eru inni eða úti í frímínútum.
 - f. Umræður sköpuðust um tillögur nemendur. Hugmynd kom upp hvort væri hægt að skóli og leikskóli myndu búa til sameiginlegan matseðil yfir einn mánuð og sjá hvort það verður breytingar, einsleitur matseðill.
 - g. Búið að bregðast við þeim punkti að hafa hafragraut alla morgna.



3. Fréttir af skólastarfi

- a. Sagt frá COVID stöðu skólans, búið að vera í gangi og er enn. Um helmingur nemenda hefur greinst. Tekist hefur að halda úti starfsáætlun þrátt fyrir að sumu hafi verið seinkað.
- b. Fræðslunefnd samþykkti breytingu á skóladagatali sem laut að því að færa foreldra/nemendadaginn fram um tvær vikur.
- c. Stefnt er að skíðaferð 21. febrúar með 7. – 10. bekk. Yngri nemendur mögulega gera sér glaðan rennidag hér í Vík.
- d. 7. mars 1. – 6. bekkur fer á Kirkjubæjaklaustur að hlusta á Sinfoníuhljómsveit Suðurlands.
- e. 26. apríl er Stóra upplestrarkeppnin á Kirkjubæjarklaustri.
- f. 27. apríl er Skólahreysti sem við tökum þátt í.
- g. Stefnt er að fara í gleðiferð á Hellu og Hvolsvöll í Lava og Caves of Hella með allan skólann eftir páska.

4. Önnur mál

- a. Farið aðeins yfir Ytra mat og umbótaráætlun Víkuskóla um punkt sem lítur að foreldrum og foreldrafélaginu vegna þess að fulltrúar þess eru á fundinum. Umræður skapast og hugmynd kom upp hvort senda eigi út - könnun á foreldra um þetta efni. Vísað til frekari skoðunar hjá stjórn foreldrafélagsins.
- b. 30. mars síðasti fundur skólaráðs.
- c. Elín biður fólk um að leggja höfuðið í bleyti um hvaða námskeið/fyrirlestur fólk vill fá á næsta skólaári fyrir nemendur og foreldra, sem yrði opin viðburður Skólarás.
 - i. Hugmyndir: Vanda Sig, SAFT, Sólborg höfundur FÁVITAR
- d. Hreystibrautarverkefnið er enn í gangi. Skólanum var gefin gjafavara til styrktar þess sem nýta mætti í að halda hlutaveltu á opnu húsi í skólanum. Allir tóku vel í þessa hugmynd. Sameiginlegur dagur skóla og foreldrafélagsins.
- e. Andrés frá Skólahreysti kemur og ætlar að leiðbeina um hvar er best að hafa hreystibrautina og fleira.

Fundi slitið 17:05